

Mál nr. 392/2021**M og
V vegna kaskótryggingar dráttarvélarinnar A****Ágreiningur hvort atvik við tjónsatburð séu undanskilin bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot móttakið 13.10.2021 ásamt fylgiskjöllum.
Bréf V dags. 28.10. 2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á A þar sem hún hafi tapað af sér gírkassaolíu, sem hafi valdið tjóni á gírkassa og drifi hennar. Tjónið hafi komið til með þeim hætti að tæki sem tengt var við glussakerfi A hafi bilað með þeim afleiðingum að tæmdist út af glussakerfinu. Ekki hafi verið um að ræða bilun í A sjálfri heldur bilun á tækinu sem var tengt við hana, þ.e. tjakk á rakstrarvél. Krefst M þess að fá tjón vegna þessa bætt úr kaskótryggingu A. V hefur hins vegar, í kjölfar nokkurra samskipta milli aðila, hafnað kröfu M með bréfi dags. 23. september 2021.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að bótasvið vátryggingarinnar sé skýrlega afmarkað í 4. gr. skilmála hennar og það hvíli á vátryggingartaka, þ.e. M, að sanna að umrætt atvik falli þar undir. Hafi M hins vegar með engum hætti leitt líkur að því að umrætt atvik verði heimfært undir bótasvið vátryggingarinnar, sem sé vissulega víðtækt en taki þó ekki til skemmda vegna allrar áhættu sem steðjað geti að. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Óumdeilt virðist með hvaða hætti tjónið á A kom til, þ.e. að tæki sem tengt var við hana hafi bilað, sem olli því að olía lak af A sem olli smurleysi og ofhitnun og skemmdum á drifi og gírkassa A. Í skilmálum umræddrar vátryggingar eru, í 17 töluliðum í gr. 4., talin með tæmandi hætti þau tilvik sem vátryggingin nær til, þar á meðal eru árekstur, áakstur, velta, útafakstur, grjóthrun, þjófnaður, uppfok, óveður og skemmdarverk. Verður ekki séð að umrætt atvik falli þar undir, jafnvel þó orsök þess sé að rekja til annars tækis en A sjálfrar, og hefur M ekki rökstutt frekar með hvaða hætti tjónið falli undir bótasvið vátryggingarinnar eins og það er afmarkað í 4. gr. Verður þar af leiðandi að hafna kröfu þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A, hjá V.

Reykjavík 30. nóvember 2021

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.